

# CAVIUS

## HEAT ALARM

Tilvísunarnúmer: 3002-015  
Próað af CAVIUS

### VINSAMLEGA LESIÐ NOTKUNARLEIÐBEININGAR Í TARLEGA FYRIR NOTKUN OG GEYMIÐ TIL SEINNI NOTA!

CAVIUS hitaskynjari er hannaður fyrir svæði þar sem ekki hentar að hafa reykskynjara sökum aukinnar hættu á fölskum boðum, svo sem eldhús, bílskúr og vinnustofur.

#### Tæknilegar upplýsingar:

**Tegund skynjara:** Cavius hitaskynjari nemur

- 1) snöggja hækkun hitastigs
- 2) fast hitastig, 58°C.

**Hljóðgjafi:** Lágmarks hljóðstyrkur er 85 dB við 3 m.


**Rafhlaða:** Skynjarinn er spennufæddur með **óútskiptanlegri** 3V CR123A Lithium rafhlöðu með 10 ára líftíma (fylgir með). **Eftir 10 ára notkun skal farga skynjaranum.**

**Tilkynning um lága stöðu rafhlöðu:** Stutt "bíp" heyrir og LED ljós mun blikka á 48 sek. fresti þegar rafhlaðan er að tæmast. Það mun halda áfram í að minnsta kosti 30 daga. Hitaskynjarinn virkjust ekki nema hann sé settur í sökkulinn.

#### Ákjósanlegustu staðsetningar til uppsetningar:

- Svæði þar sem ekki hentar að hafa reykskynjara sökum aukinnar hættu á fölskum boðum
- Eldhús
- Baðherbergi
- Bílskúr eða vinnustofa

Viðbótarskynjarar auka öryggi.




#### Skynjarann má **EKKI** staðsetja:




- Í rýmum þar sem hitastig fellur undir -10°C eða fer yfir +50°C.
- Í svefnherbergi
- Í setustofu
- Í borðstofu

- Í anddyri
- Í fjölskylduherbergi

**ATHUGIÐ:** Optískir skynjarar eru hentugastir til uppsetningar í rýmum þar sem glóð getur borist frá opnum eld.




**Staðsetning:** Hitaskynjarinn er hannaður til að vera settur upp í lofti eða á vegg. Aldrei skal setja skynjara beint fyrir ofan ofn/eldavél/helluborð.



#### Uppsetning skynjara:

**Upplýsingar:** Miðann sem er á vörunni má alls ekki fjarlægja þar sem hann hefur að geyma mikilvægar upplýsingar varðandi vöruna.

1. Hitaskynjarinn er ekki í sökkulnum þegar hann er keyptur. Notið sökkulhringinn til að merkja fyrir skrúfugötum í loftið. Notið meðfylgjandi skrúfur og tappa til að festa upp sökkulinn.



2. Komið hitaskynjaranum fyrir með því að smella honum í sökkulinn. Þegar uppsetningu er lokið skal prófa hitaskynjarann með því að þrýsta á prófunarhnappinn á hlið skynjarans og fá viðvörunarhljóðmerki.



**Hitaviðvörunarmerki:** Skynjarinn er búinn bæði sjónmerki og hljóðmerki til að gefa viðvörun. Í hlutlausri stöðu blikkar LED ljósið á 48 sek. fresti til að gefa til kynna eðlilega virkni. Í viðvörunarham blikkar LED ljósið og skynjarinn gefur frá sér hávært hljóð til að vara íbúa við.

**Stöðvun hljóðgjafa:** Komi til þess að óviljandi eða fölsk viðvörun fari í gang skal ýta á hliðarhnapp skynjarans í 2 sek. Þetta mun slökkva á viðvöruninni í 10 min., en eftir það mun skynjarinn sjálfvirk taka aftur upp sína eðlilegu virkni.

**Viðhald:** Prófið skynjarann minnst ársfjórðungslega með því að þrýsta á prófunarhnappinn. Skynjarinn ætti þá að gefa frá sér háværan viðvörunartón.

**Bilanagreining:** Ef reykskynjarinn virkjust án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu, gæti möguleg ástæða verið að skynjarinn sé staðsettur of nálægt eldavél. Prófið að færa skynjarann örlítið fjær til að lagfæra vandann. Ef skynjarinn virkar ekki þegar þrýst er á prófunarhnappinn, getur möguleg ástæða verið biluð rafhlaða, og þarf þá að skipta um skynjara.

**Aðrar upplýsingar:** Málið ekki skynjarann. **Förgun:** Vinsamlega fargið bæði rafhlöðu og vörunni sjálfri á viðeigandi hátt þegar notkun lýkur. Bæði skynjari og rafhlaða er rafmagnsúrgangur og hann ætti að endumýta.



CE táknid sem þessi vara fær, staðfestir að farið hafi verið eftir þeim evrópsku tilskipunum sem eiga við vöruna. Prófað til að uppfylla staðal hitaskynjara EN54-4 flokk A1/R. Viðvörunarstyrkur hljóðmerkis skv. ISO 8201.

Allur réttur áskilinn: CAVIUS Aps tekur enga ábyrgð á villum sem finna mætti í þessari handbók. Ennfremur áskilur CAVIUS Aps sér rétt til að breyta vélbúnaði, hugbúnaði og/eða sérstökum upplýsingum í handbókinni hvenær sem er án fyrirvara, og CAVIUS Aps skuldbindur sig ekki til að uppfæra þær upplýsingar sem hér er að finna. Öll vörumerki sem hér eru upptalin eru í eigu viðkomandi eigenda. Höfundarréttur © CAVIUS Aps.

Próað af CAVIUS Aps Julsøvej 16, DK-8600 Framleitt í Kína.